

Alþingi
Erindi nr. P 140/1241
komudagur 29.2.2012



Hörgársveit

Alþingi
nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík


Þelamerkurskóla, 23. febrúar 2012

Þingsályktunartillaga um fjarskiptaáætlun 2011-2014, umsögn

Sveitarstjórn Hörgársveitar samþykkti á fundi sínum 15. febrúar 2012 að fagna framkominni tillögu til þingsályktunar um fjögurra ára fjarskiptaáætlun fyrir árin 2011-2014 (343. mál) um leið og **hún gerir þá kröfu að strax verði gerð framkvæmdaáætlun sem miðar að því að tryggja að öll heimili í landinu hafi fengið fullnægjandi netsamband og farsímasamband í síðasta lagi á árinu 2013, þar sem fjöldi heimila búi við algerlega óviðunandi mismunun í þessum efnum miðað við það sem almennt gerist.**

Í Hörgársveit er sums staðar enn alls kostar ófullnægjandi farsíma-samband og netsamband, auk þess sem móttökuskilyrði fyrir útsendingar RÚV eru ekki alls staðar viðunandi.

Virðingarfyllt,


Guðmundur Sigvaldason

